



MYRKIR
MÚSÍKDAGAR

25.-27. janúar 2018



Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands (IS)

Anddyri Hörpu, Harpa

17:30

aðgangur ókeypis

Efnisskrá

John Luther Adams

Síla: The Breath of the World (2013) 50'

Flytjandi: Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Kór tónlistar-
deildar Lhí

Stjórnandi: Daníel Bjarnason

Bandaríska tónskáldið John Luther Adams (f. 1953) hefur vakið mikla athygli undanfarin ár, ekki síst fyrir verk sem tengjast náttúru og náttúruvernd. Hann var lengi búsettur í Alaska og lífið á norðurslóðum varð honum innblástur í fjölda verka. Meðal þeirra má nefna hið vel kunna *Becoming Ocean* (2013) sem hlaut bæði Pulitzer- og Grammy-verðlaun og hefur verið flutt víða um heim.

Sila: The Breath of the World var samið árið 2014 og frumflutt þá um sumarið á Mostly Mozart-hátíðinni í New York. Í heims-sýn Inúíta er Sila andinn sem glæðir allt lífi: sjálfur heimsand-inn. Inúítar nota þetta orð yfir náttúruöflin en einnig yfir meðvitund – til dæmis meðvitund okkar um heiminn og meðvitund heimsins um okkur sjálf.

Sila: The Breath of the World er samið fyrir hóp flytjenda sem er dreift um stórt rými, áheyrendur geta gengið um og fundið sér þann stað sem þeim hentar best. „Þetta er tónlist sem andar“ segir tónskáldið; hver einasti flytjandi er einleikari sem flytur sína rödd á þeim hraða sem viðkomandi þykir fara best. Stærð hópsins getur líka farið eftir aðstæðum: Adams segir að verkið sé fyrir 16-80 flytjendur en þeir geti líka verið enn fleiri, og þeir skiptast í ólíka hópa: tré- og málmblásarar, slagverk, strengir og kór. Allir eru velkomnir að upplifa þetta magnaða tónverk sem Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands og nemendur úr Listaháskóla Íslands flytja í anddyri Hörpu undir leiðsögn Daníels Bjarnasonar.

Ungsveit SÍ

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hefur vakið verðskuldaða athygli en sveitin hlaut viðurkenninguna Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2016. Undanfarin átta ár hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins tekið þátt ár hvert á Ungsveitarnámskeiði Sinfóníuhljómsveitarinnar og náð undraverðum árangri undir leiðsögn framúrskarandi hljóðfæraleikara og hljómsveitarstjóra.

Markmið Sinfóníuhljómsveitarinnar með hljómsveitarskóla Ungsveitarinnar er að gefa tónlistarnemendum innsýn og vettvang til að kynnast hinum sífóníska heimi af eigin raun og njóta þjálfunar og leiðsagnar í hljómsveitarleik eins og um atvinnumennsku væri að ræða. Hljóðfæraleikarar Ungsveitarinnar þurfa að standast prufuspil sem líkir eftir aðstæðum prufuspila hjá Sinfóníuhljómsveitinni. Í Ungsveitinni eru gerðar strangar kröfur um faglega frammistöðu enda hafa tónleikar Ungsveitarinnar vakið eftirtekt fyrir samstilltan flutning og magnaða túlkun.

Næsta verkefni Ungsveitarinnar verður tónleikar í Eldborg 23. september næstkomandi, en þá mun Daniel Raiskin stjórna hljómsveitinni í sífóníu nr. 5 eftir Dmitríj Shostakovitsj.